

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F94/2020

Reykjavík, 9. júní 2020

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 4  
101 Reykjavík

## I

Umboðsmaður hafði fyrr á þessu ári til meðferðar kvörtun frá nemanda í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu þar sem kvartað var yfir viðbrögðum skólans við einelti í hans garð. Í kvörtuninni var því m.a. lýst að í stað þess að virkja eineltisáætlun skólans hafi nemandinn verið settur í úrræði sem fól í sér einangrun frá samnemendum hans. Nemandinn lýsti því í samskiptum við umboðsmann að umrætt úrræði hafi m.a. falið í sér að hann hafi verið lokaður inni í litlu, gluggalausu herbergi, þar sem hvorki hafi verið stóll né skrifborð heldur aðeins þúðar á gólf, í heila kennslustund. Málið þróaðist á þann veg að aðstæður nemandans í skólanum breyttust til hins betra og í samráði við viðkomandi ákvað umboðsmaður að ljúka athugun sinni á kvörtuninni gagnvart skólanum. Hann staldraði hins vegar við það atriði í kvörtuninni að nemandinn hafi verið lokaður inni í litlu, gluggalausu herbergi.

Þá vakti athygli umboðsmanns umfjöllun í Morgunblaðinu 27. október sl. um málefni stúlkuna í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Þar kom m.a. fram að stúlkunni einni hafi verið kennt í gluggalausri kompu inn af læstri geymslu í kjallara skólans. Í umfjölluninni kom fram að stúlkan væri á einhverfurófi og hefði liðið illa í skólanum.

Þótt gripið hafi verið til þessara úrræða af ólíkum ástæðum í ofangreindum tilvikum er ljóst að brugðist var við aðstæðum með svipuðum hætti, þ.e. að viðkomandi nemendur voru færðir frá samnemendum sínum og að því er virðist í svipað umhverfi, þ.e. í lítil, gluggalaus herbergi, þar sem í öðru tilvikinu dvaldi nemandinn þar heila kennslustund, án þess að hafa aðstöðu til að sinna námi, en í hinu tilvikinu átti kennsla viðkomandi alfarið að fara fram í þessu rými.

## II

Í lögum nr. 91/2008, um grunnskóla, kemur m.a. fram í 1. mgr. 13. gr. að allir nemendur grunnskóla eigi rétt á kennslu við sitt hæfi

í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skuli í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Nemendur eigi rétt á því að njóta bernsku sinnar í öllu starfi á vegum skólans. Í 2. málsl. 3. mgr. 20. gr. laganna segir að húsnæði og allur aðbúnaður skuli taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, s.s. varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Þá er rétt að minna á að samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um grunnskóla eiga nemendur rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar.

### III

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem umboðsmaður hefur um þá framkvæmd innan ákveðinna grunnskóla sem lýst er í kafla I hér að framan og í ljósi þeirra krafna sem lög nr. 91/2008, um grunnskóla, gera til aðbúnaðar grunnskólabarna í víðtækum skilningi, hefur umboðsmaður ákveðið að afla frekari upplýsinga með það fyrir augum hvort ástæða sé til að hann taki þau atriði sem hér er spurt um til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Í þessu augnamiði hefur umboðsmaður ákveðið að rita nánar tilteknum skólaskrifstofum bréf, dags. í dag, þar sem óskað er eftir því að hann verði upplýstur um hvort þeim sé kunnugt um tilvik sambærileg þeim sem hér er fjallað um. Í bréfum umboðsmanns til skólaskrifstofanna er tekið fram að berist honum upplýsingar sem gefa tilefni til kunni hann að ákveða að nota heimild sína í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/1997 til að fara í vettvangsheimsóknir í tiltekna skóla næstkomandi haust. Þó er árettað að með upplýsingaöflun sinni leitist umboðsmaður við að draga fram almenna lýsingu á þeim tilvikum sem hér eru til umfjöllunar án þess að til standi að tilfæra nöfn einstakra skóla í úrlausn hans komi til frekari meðferðar málsins af hans hálfu.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að mennta- og menningarmálaráðuneytið upplýsi umboðsmann um eftirfarandi:

1. Hvort mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafi á síðastliðnum fimm árum borist ábendingar, kvartanir eða eftir atvikum kærur vegna aðstæðna sambærilegum þeim sem hér er fjallað um, þ.e. að nemandi í grunnskóla hafi verið færður frá samnemendum sínum í einhvers konar kompu eða lítið herbergi. Óskað er eftir þessum upplýsingum óháð því af hvaða ástæðum gripið hafi verið til þessa úrræðis, hvort nemandinn hafi dvalið þar í stutta stund eða til lengri tíma, jafnvel að staðaldri, hvort hann hafi dvalið þar einsamall eða með kennara eða öðrum starfsmanni skólans og hvort úrræðinu hafi verið beitt í tilefni af atvikum sem vörðuðu

nemandann sjálfan eða vegna athafna annarra nemenda sem beinst hafi að honum.

Sé svo er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur um viðbrögð ráðuneytisins við þeim erindum og honum afhend afrit af öllum gögnum þeirra mála.

2. Hvort mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi á þessu fimm ára tímabili orðið vart við þá framkvæmd sem um ræðir við almennt eftirlit þess með málefnum grunnskóla eða ytra mat ráðuneytisins á skólahaldi í grunnskólum á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Sé svo er óskað eftir nánari upplýsingum og gögnum um þau tilvik og hvort þau hafi orðið ráðuneytinu tilefni til einhverra viðbragða og þá hverra.

3. Hafi mennta- og menningarmálaráðuneytinu ekki áður borist vitneskja um tilvik eins og þau sem hér er fjallað um er óskað eftir upplýsingum um hvort ráðuneytið telji ástæðu til þess, í ljósi umfjöllunar þessa bréfs, að bregðast á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna við upplýsingum um þessa framkvæmd með einhverjum hætti, s.s. að kanna eða gera úttekt á því í grunnskólum hvort úrræðum sem þessum sé beitt og þá hvernig aðbúnaði sé háttar.

Þess er óskað að svör mennta- og menningarmálaráðuneytisins berist umboðsmanni ekki síðar en 15. júlí nk. Að fengnum svörum ráðuneytisins og annarra þeirra sem ritað hefur verið af þessu tilefni mun umboðsmaður taka afstöðu til þess hvort hann telji tilefni til að taka beitingu úrræða af þessu tagi í grunnskólum, hvort sem er í einstökum tilvikum eða að staðaldri, til almennrar athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli heimildar í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
forstöðumaður frumkvæðisathugana